

Erindisbréf byggingarnefndar byggingar íþróttamannvirkja í Dalabyggð.

Stjórnskipuleg staða

Byggingarnefnd um byggingu íþróttamannvirkja í Dalabyggð, kosinn á fundi sveitarstjórnar 13. janúar 2022 heyrir undir sveitarstjórn. Í byggingarnefnd sitja fimm fulltrúar, skipaðir af sveitarstjórn. Byggðarráð, varaoddviti og sveitarstjóri.

Hlutverk byggingarnefndar er:

- Nefndin lýkur við áætlun og leggur fyrir sveitarstjórn til samþykktar.
- Nefndin stýrir hönnunarvinnu og leitar hagkvæmustu lausna.
- Nefndin semur um alla hönnun og framkvæmdir með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.
- Nefndin vinnur með hönnuði að útfærslu byggingarinnar í samræmi við stefnu sveitarstjórnar.
- Nefndin leggur fram tillögu að áfangaskiptingu, sem lögð verður fyrir sveitarstjórn. Leita skal heimildar sveitarstjórnar fyrir útboði hvers áfanga.
- Nefndin er fulltrúi verkkaupa (Dalabyggðar) vegna hönnunar, framkvæmda og hugsanlegra breytinga.
- Nefndin leggi til grundvallar vinnu sinni þau gögn sem sveitarstjórn hefur samþykkt t.d.
- skýrslur, tillögur frá sveitarstjórn og annað sem hlotið hefur meðferð sveitarstjórnar vegna verkefnisins.
- Byggingarnefndin getur kallað á fund til sín hvern þann sem tengist þeim málum sem fjallað er um.
- Nefndin skal kalla eftir áliti hagsmunaaðila.

Starfshættir

Byggingarnefnd kýs sér formann á fyrsta fundi. Færa skal fundargerð í gerðabók (tölvu). Fundargerðir skulu lagðar fyrir sveitarstjórn.

Byggingarnefnd skal starfa frá 13. janúar 2022 til 31. desember 2024. Á þessum tíma er nefndinni heimilt að halda allt að 30 fundi. Leita þarf heimilda sveitarstjórnar ef halda þarf fleiri fundi en tilgreindir eru á þessu tímabili.